



SKÝRSLA RSÍ 2002

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR RAFIÐNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS
UM STARFSEMINA SÍÐASTA STARFSÁR.**

LÖGÐ FRAM Á 15. ÞINGI RSÍ 16. – 17. MAÍ 2003

STARFSNEFNDIR

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands og trúnaðarmenn þess, kjörtímabilið 1999-2003 kjörnir á 14. þingi sambandsins 1999.

Formaður:	Guðmundur Gunnarsson	FÍR	Framkv.stjórn RSÍ
Varaformaður:	Helgi Jónsson	RFN	“
Ritari:	Haukur Ágústsson	FRV	“
Gjaldkeri:	Rúnar Bachmann	FÍR	“
		Haraldur Jónsson	FÍR “

Meðstjórnendur : Arnoddur Jónsson RFS
(Lét af formennsku á tímabilinu og Vatýr Guðbrandsson tók sæti hans)

Oddur Sigurðsson	FRV
Frosti Frostason	FÍR
Páll Valdimarsson	FÍR
Jens Ragnarsson	FÍR
Einar Ág. Kristinsson	FSVK
Andri Jóhannesson	FRV
Ómar Baldursson	FRS
Hafliði Sívertssen	FTR
Einar Gústafsson	FÍS
Jón Aðalsteinsson	FÍS
Sigurgeir Ólafsson	FSS
Aðalfundur FNÍR (Borgþór Hjörvarsson)	FNÍR

Varamenn í miðstjórn:	Anna Melsted	FTR
	Björn Ágúst Sigurjónsson	FÍR
	Anna Nína Stefnisdóttir	FÍS
	Jóhann Bjarnason	FRS
	Stefán Sveinsson	FÍR
	Sigurður Kjartansson	FRV
	Brynjar Hermannsson	RFN
	Helgi Þorvaldsson	FÍR
	Ísleifur Tómasson	FÍR
	Valtýr Guðbrandsson	RFS
	Davíð E. Sigmundsson	FRV
	Guðjón Símonarson	FSS
	Aðalfundur FNÍR	FNÍR

Sambandsstjórn:	Júlía B. Þórðardóttir	FÍR	Vestfirðir
	Sigurður Ólafsson	RFN	Norðurland
	Magni B. Sveinsson	FÍR	Austurland
	Sigþór Óskarsson	RFS	Suðurnes
	Arngrímur Magnússon	FÍR	Vestmannaeyjar
	Smári Jónasson	FÍR	Reykjavík
	Anna Kr. Arnarsdóttir	FRV	Norðurland
	Þór Ottesen	FÍR	Reykjavík
	Reynir Björnsson	FÍS	Reykjavík
	Helgi R. Gunnarsson	FRV	Reykjavík
	Guðmundur Æ. Guðmundsson	FÍR	Reykjavík
	Elmer H. Elmers	FÍR	Reykjavík
	Aðalfundur FNÍR	FNÍR	

Varam. í sambandsstj:	Helgi Helgason	FÍR	Reykjavík
	Jónas Þ. Sigurgeirsson	FÍR	Norðurl. vestra
	Sigurður Sigurðsson	FÍR	Reykjavík
	Jón Þór Kristmannsson	FÍR	Reykjavík
	Björn Júlíusson	FÍS	Reykjavík
	Ingvi Þór Björnsson	RFN	Norðurl. eystra
	Þórður Bachmann	FÍR	Vesturland
	Ragnar Guðbjartsson	RFS	Suðurnes
	Eyjólfur Ólafsson	FRV	Reykjavík
	Kristinn Hermannsson	FRS	Suðurland
	Sigurður Karlsson	FÍR	Austurland
	Guðmundur Gíslason	FSS	Reykjavík

Skoðunarmenn RSÍ Til vara: Sigurður Steinarsson FÍR, H. Erlingur Tómasson FRV.
Grétar Guðmundsson FÍS

Í stjórn Lífiðnar: Aðalmaður Þórir Hermannsson FRV, varam. Erlingur Tómasson FRV
Aðalmaður Haraldur Jónsson FÍR, varam. Guðmundur Gunnarsson FÍR
Sigurður Sigurðsson var kjörinn í stað Guðmundar á sambandsstj.f. 2002

Skoðunarm Lífiðnar : Sigurður Steinarsson FÍR, til vara: Guðmundur Lýðsson FRS

Starfsnefndir miðstjórnar

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga : Bjarni Sigfússon

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson til vara Stefán Ó Guðmundsson.

Launanefnd RSÍ : Helgi Jónsson, Rúnar Bachmann og Haraldur Jónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Rúnar Bachmann, Guðmundur Gunnarsson, Einar Jón Ólafsson og Einar Gústafsson

Reglugerðir Styrktar- og lífeyrissjóðs : Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson, Rúnar Bachmann og Helgi Jónsson til vara.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Aðalsteinsson, Runólfur Þorláksson og Sigurður Lúther Björgvinsson

Golfnefnd : Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson.

Með þeim starfar Stefán Ó. Guðmundsson.

Stjórn Furulundar : Björn Ágúst Sigurjónsson. Stjórn Einarstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson.

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Guðrún Guðmundsdóttir og Einar Jón Ólafsson

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason

Stjórnir aðildarfélaga

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Björn Ágúst Sigurjónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Ísleifur Tómasson, Helgi Þorvaldsson og Sigurjón Ingvarsson

Stjórn Félags rafeindavirkja : Oddur Sigurðsson form., Andri Jóhannesson varaform., Davíð E. Sigmundsson ritari, Haukur Ágústsson gjaldkeri, Sigurður I. Hauksson, Eyjólfur Ólafsson, Björn Eysteinnsson meðstjórnendur.

Félag íslenskra símamanna : Einar Gústafsson form. Jón Aðalsteinsson varaform., Anna Nína Stefnisdóttir ritari, Halldóra Guðmundsdóttir gjaldk., Björn Júlíusson meðstj. Einar Matthíasson, Hildur B Hannesdóttir, Bjarni Harðarson og Hafsteinn Ö. Guðmundsson varastj.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldkeri Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, Birgir Sigurjónsson meðstj., Guðmundur Lýðsson og Helgi Guðmundsson varastjórn.
 Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja : Gerog G. Georgsson form., Valtýr Guðbrandsson varaf., Þorsteinn Helgasson gjaldk., Haraldur Arnbjörnsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.
 Stjórn Félags sýningarmanna við kvikmyndahús : Jón Pétursson form., Einar Ág. Kristinsson ritari, Þröstur Árnason gjaldk., Einar Benediktsson, Friðjón Guðmundsson meðstjórnendur.
 Stjórn Tæknifólks í rafíðnaði : Anna Melsted form. Hafliði Sívertsen varaform., Sveinn Kjartansson, Þorsteinn Úlfar Björnss, Ingvar Jónss meðstjórn. Gunnlaugur Snædal og Jan Murtomaa varam.
 Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Sigurður L Björgvinsson varaform., Kristbjörn Hjalti Tómass ritari, Sighvatur D Sighvatss gjaldk., Guðm. Gíslas. og Sigurbjörn Eiríkss meðstj.
 Stjórn Félags nema í rafíðnum : Þórir Harald Þórisson form., Kristján Helgason varaform., Arnar Guðlaugsson ritari, Elmar Freyr Torfasson gjaldkeri. Borgþór Hjörvarsson, Viðar Már Magnússon, Logi Freyr Einarsson og Guðlaugur Vigfús Kristjánsson meðstjórnendur Marínó Álfgeir Sigurðsson og Kristján Kristjánsson varamenn.

Mennta- og fræðslunefndir

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson formaður, Einar Ragnarsson, Valdimar Gestsson,
 Sveinsprófsnefnd veikstraum : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Sigurður Rúnar Ívarsson.
 Menntanefnd rafíðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) : Guðmundur Gunnarsson, Rúnar Bachmann, Haraldur Jónsson, Kristján Páll Þórhallsson, Ásgeir Arnoldsson, Haukur Ágústsson, Páll Valdimarsson, Ólafur Hermannsson, Hafliði Sívertsen, Pétur Pétursson, Jón Örn Sigurðsson, Valgeir Jónasson
 Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónasson
 Eftirmenntunarnefnd rafíðna : Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann, til vara Ísleifur Tómasson
 Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson og Kristján Páll Þórhallsson
 Fagnefnd rafeindavirkja : Kristján Pétursson, Kristján Óli Sverrisson, Gunnlaugur Gunnarsson, Kristján Páll Þórhallsson og Þórir Hermannsson
 Eftirmenntunarnefnd símsmiða : Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson
 Eftirmenntunarnefnd sýningarmanna : Björn Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurjón Jóhannesson, Þröstur Árnason
 Framkvæmdastjórn Fræðslumiðstöðvar rafíðna : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson
 Starfsgreinaráð rafíðnaðarins, aðalmenn : Guðmundur Gíslason fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn Smári Jónasson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarsk., Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans
 Menntasjóður rafíðnaðarsins : Einar Jón Ólafsson og Björn Ágúst Sigurjónsson.

Nefndir á vegum ASÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Haraldur Jónsson
 Lífeyrisnefnd ASÍ : Þórir Hermannsson, til vara Haraldur Jónsson
 Alþjóðanefnd : Helgi Jónsson til vara Einar Jón Ólafsson
 Atvinnumálanefnd : Páll Valdimarsson, til vara : Borgþór Hjörvarsson
 Velferðarnefnd : Haraldur Jónsson, til vara : Ómar Baldursson
 Jafnréttis og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson
 Mennta og útbreiðslunefnd : Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Andri Jóhannesson
 Kjara og skattanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Georg Georgsson
 Skipulags og starfsháttanefnd : Þór Ottesen, til vara : Siggurgeir Ólafsson
 Vinnuréttar og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Oddur Sigurðsson
 Stjórn Landssambands lífeyrissjóða : Þórir Hermannsson formaður
 Stjórn Vinnueftirlitsins : Stefán Ó. Guðmundsson
 Rannsóknarráð, menntamála : Rúnar Bachmann

Hollustuháttaráð, Umhverfissráðuneyti: Stefán Ó. Guðmundsson
Félagsdómur : Valgeir Jónasson til vara Bjarni Sigfússon

Félagafjöldi

Í aðildarfélögum sambandsins voru 2001 og 2002 :

FÉLAG	Alls	Þar af	Skattsk.	Alls	Þar af	Skattsk.
	2001	Konur	Alls	2002	Konur	Alls
		2001	2001		2002	2002
Félag íslenskra rafvirkja	1324	6	1269	1416	7	1297
Félag rafeindavirkja	795	23	718	757	22	733
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	160	0	148	155	0	147
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl.	113	0	106	104	0	99
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	85	0	74	84	0	77
Félag tæknifólks í rafiðnaði	407	70	366	360	58	313
Fél. Sýningarm. V/ kvikm.hús	31	1	31	33	1	30
Félag símsmiða	208	7	194	203	8	198
Félag ísl. símamanna	806	490	732	721	420	667
Félag nema í rafiðnum	298	3	298	247	4	228
Samtals	4.227	600	3.936	4.080	520	3.789

Í dálknum **Alls** eru allir taldir, en í dálknum **Skattskyldir** er bókhaldslegur fjöldi þ.e. þeir sem eru félagsmenn hluta úr ári eru færðir saman og myndaður þannig heildarfjöldi fullgreiðandi félagsmanna. Sú stærð er notuð við skattgreiðslur til annarra sambanda sem RSÍ er aðili að.

STARFSEMIN

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mán. yfir vetrarmán. yfirleitt fyrsta föstudag í mán. og hefur haldið 40 fundi á kjörtímabilinu. Á kjörtímabilinu var tekin upp sú nýbreytni að birta fundargerðir miðstjórnar á heimasíðunni. Almennir félagsfundir eru nú orðið, utan aðalfunda aðildarfélaga, haldnir á vegum RSÍ. Skipulag sambandsins og sameiginlegir sjóðir RSÍ valda þessu. Einnig sameiginlegir kjarasamningar sem eru afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum þvert á aðildarfélög innan RSÍ. Rafiðnaðarsambandið er heildstætt starfsgreinasamband og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum.

Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar margþætt, lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Jöfn fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarin ár.


Félagsmenn hafa aðgang að lögmonnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarður, Láru V. Júlíusdóttir og Lagalind

Starfsmenn RSÍ : Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstjóri og norræn samskipti. Þór Ottesen, umsjón skrifstofu, kjarasamningar, samskipti við vinnustaði og trúnaðarmenn. Einar Jón Ólafsson fjármálaumsýsla, kjarasamningar. Einar var ráðinn í júní 2002 í stað Helga R. Gunnarssonar. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Birna Birgisdóttir bókhald. Sæmundur Hrölfsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánu samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

Félagsgjaldið

Þakið á síðasta ári var kr. 48.000 og var endurgreitt til félagsmanna um 8 millj. kr. Á þessu ári er það 49.214. Skil á félagsgjaldi til SÍ er mjög gott. En nokkuð hefur borið á því að verktakar og aðrir hafi sótt í RSÍ vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og góðra styrkja frá Styrktarsjóð, og viljað greiða einungis í þá sjóði og þá afturvirk til þess að öðlast full réttindi strax. Þessir aðilar hafa svo gefið upp laun sem eru lægri en lægstu taxtar á vinnumarkaði. Settar hafa verið strangari reglur um inngöngu í sambandið. Það er leitt til þess að vita að til séu aðilar, sem hiklaust ætlast til þess að fá að njóta alls þess sem fullborgandi félagsmenn hafa skapað án þess að taka þátt í að greiða fyrir það.



FÉLAGSLEGA STARFIÐ

Fjölskylduhátíð

Árleg fjölskylduhátíð RSÍ var að venju Jónsmessuhelgina. Veðrið lék við gesti og hátíðin tókst í alla staði frábærlega vel. Um tæplega 300 manns voru á svæðinu. Margskonar leiktæki eru á svæðinu, til viðbótar var settur upp hoppkastali og trambolín. Dagskrá hófst að venju með víðavangshlaupi. Þá var knattspyrnukeppni í nokkrum aldursflokkum. Golfmót á þúttvellingum og veiðikeppni í vatninu. Að loknum keppnum var boðið upp á pylsur og ís. Um kvöldið var barnaskemmtun og dansleikur. Þar voru afhent verðlaun fyrir keppnir dagsins. Síðan var varðeldur og svo dansað fram í nóttina. Orlofssvæðið skartaði sínu fegursta, gróður og tré dafna vel og allir luku upp einum munni um að tjaldsvæðið sé komið í fremsta flokk hér á landi

Heimasíðan

Umfang heimasíðu RSÍ rafis.is hefur vaxið jafnt og þétt. Greinilegt er að félagsmenn og aðrir nota síðuna mikið. Þar er mikið magn af upplýsingum um launamál og kjarasamninga sambandsins. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um sjóði sambandsins og réttindi félagsmanna og fundargerðir miðstjórnar. Unnið er að því að endurskipuleggja síðuna og standa væntingar til að hægt verði að kynna nýja síðu á 15. þingi RSÍ. Nú er hægt að fylgjast með lausum orlofshúsum á heimasíðunni, sjá punktafjölda í orlofskerfinu og sækja um orlofshús.

Félagsmálaskóli RSÍ

Undanfarna tvo vetur hafa verið rekin námskeið á vegum RSÍ fyrir trúnaðarmenn sambandsins. Þetta hefur reynst ákaflega vinsælt og hafa námskeiðin verið fjölsótt. Þau eru rekin í samvinnu við Félagsmálaskólann Samkvæmt reglum og lögum um trúnaðarmenn mega þeir nota allt að 5 dögum á ári í nám á sínu sviði án þess að missa neins í launum. RSÍ standur undir öllum kostnaði við gerð námskeiðanna og rekstri þeirra. Þau standa öllum félagsmönnum tilboða þeim að kostnaðarlausu, en trúnaðarmenn hafa forgang að námskeiðunum.

Í vetur var boðið upp á í Félagsmálaskóla RSÍ á grunnnámskeið fyrir trúnaðarmenn – Umræður og verkefni. Fjallað var um Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvaða hann ekki að gera? Á hann að sinna öllum málum sem starfsmenn, stéttarfélageda fyrirtæki vísa til hans eða getur hann hafnað því að taka mál að sér? Hvaða vinnubrögðum er best að beita til að ná niðurstöðu um ágreiningsefni eða vegna fyrirspurna? RSÍ stendur straum af ferða- og upphaldskostnaði kjörinna trúnaðarmanna utan af landi. Ef þátttaka verður næg mun einnig verða boðið upp á. Öll námskeiðin hafa verið í Félagsmiðstöð rafiðnaðarmanna Stórhöfða 31. Námskeiðstími er á kl. 8.00 til 15.30 námskeiðsdaga. Boðið verður upp á léttan hádegisverð. Þátttaka hefur verið mjög góð eða yfir 20 þátttakendur á hverju námskeiði.

Vantraust á formann RSÍ kolfellt.

Mjög góð mæting var á aðalfund FÍR og var mikil umræða um fjármál RSÍ. Einar Jón Ólafsson fór ítarlega yfir alla sjóði sambandsins og stöðu þeirra. Fjárhagslega staða sambandsins er mjög góð, eiginfjárstaða er 858 millj. kr. og jókst hún um 131 millj. kr. á síðasta ári. Vinnudeilusjóður stendur vel en eiginfjárstaða hans er 179.9 millj. kr. Auk þess var ítarlega fjallað um skuldir skólakerfsins og hvaða ráðum hafi verið beitt til þess að ná tókum á vanda þess.

Á fundinum var lögð fram tillaga um að skora á formann RSÍ að láta af öllum trúnaðarstörfum fyrir Félag ísl. rafv. og RSÍ. Atkvæði greiddu 131, 78 sögðu nei eða 60%, 42 sögðu já eða 32% og 11 seðlar voru auðir eða 8%. Formaður RSÍ fór á eftir og hvatti menn til þess að standa saman, sama hvorn hópinn þeir hefðu fyllt. Það hefðu verið erfitt síðasta ár að horfa á það hvernig sumir menn hefðu reynt að nýta sér vandamál skólakerfis rafiðnaðarmanna og reynt til þess að skapa ólgu innan RSÍ. Vinnubrögðin hefðu því miður of oft verið langt fyrir neðan sem áður hefði þekkt innan samtaka rafiðnaðarmanna. Göngum nú í friði fram að þingi RSÍ í næsta mánuði, þar mun miðstjórn leggja fram sín störf fyrir það kjörtímabil sem er að ljúka og þar mun fara fram kjör nýrrar forystu. Í kjölfar aðalfundar FÍR voru aðalfundir í öðrum aðildarfélögum RSÍ. Á flestum þeirra var samþykkt stuðningsyfirlýsing við forystu RSÍ og umfjöllun DV fordæmd.

Atvinnuleysi rafiðnaðarmanna

Nokkuð hefur borið á atvinnuleysis rafiðnaðarmanna í vetur. Fjöldin hefur verið á milli tæplega 40 til um 60 eða 1.33%. Þessi hópur hefur yfirleitt skiptst þannig að flestir eru úr hópi tæknifólks, yfirleitt hafa verið um 10 rafeindavirkjar og 10 rafvirkjar og nokkuð færri rafiðnaðarnemar og simamenn. Fáir símsmiðir.

Í dag eru fullar atvinnuleysisbætur kr. 77.452. Lágmarkslaun verkafólks eru í dag 93.000 auk þess að verkafólk á rétt á kr. 37.000 í desemberuppbót og kr. 20.400 í orlofsuppbót. Atvinnuleysisbætur hafa ekki fylgt launaþróun, ef þær hefði þróast í takt við almenn laun þá væru þær 12% hærri í dag eða kr. 87.000. Atvinnuálagnefnd ASÍ hefur unnið að auknum stuðning við atvinnulausa.

Tilraun rafverktaka að halda í gamla taxtakervið.

Á fundum innan RSÍ hafa ítrekað komið fram vaxandi áhyggjur yfir því hvernig rafverktakafyrirtæki reyna að nýta úrelta launataxta til þess að halda launum rafiðnaðarmanna í raflögnum niðri. Forsvarsmenn rafverktaka í byggingariðnaði hafa vísað til þess að í gildi sé samkomulag milli RSÍ og SART um leiðbeinandi launatöflu, þar sem efsti taxti er 12. taxti. Þetta er ekki rétt. Rífja má upp fundi sem voru milli RSÍ og SART í ársbyrjun 2001. Þar kom m.a. eftirfarandi fram og var birt hér á heimasíðunni 10. marz 2001.

“Óánægja rafvirkja á almennum vinnumarkaði með leiðbeinandi launatöflu RSÍ - SART hefur farið mjög hratt vaxandi undanfarið. Tilvist launatöflunar virðist vera mörgum rafverktakafyrirtækjum tilefni til þess að halda launum rafvirkja niðri. Steininn tók út þegar Kjararannsóknarnefnd birti launakönnun fyrir 3. ársfjórðung 2000. Starfsmenn RSÍ hafa ítrekað en árangurslaust reynt að fá SART til þess færa launatöfluna til samræmis við það gengur og gerist á vinnumarkaði rafiðnaðarmanna. Í framhaldi af þessu ákvað miðstjórn RSÍ að slíta samstarfinu við SART um launatöfluna og senda einungis út hver væru umsamin lágmarkslaun í rafiðnaði. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf, taxti 6 og lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með reynslu, taxti 10.

Um það var samið milli RSÍ og SART, að taflan myndi ætíð endurspegla þau laun sem væru á almennum markaði og efstu taxtar að vera a.m.k. jafnháir og meðallaun væru. Samstarf RSÍ við SART hefði ætíð verið mikið og farsælt og vildu miðstjórnarmenn ógjarnan slíta samstarfi um birtingu leiðbeinandi launatöflu. Mönnum fannst afstaða SART reyndar nokkuð sérkennileg, að teknu tilliti til þess að allar aðrar launatöflur í kaupskránni ná mun hærra upp en RSÍ/SART taflan, þar mætti nefna RARIK töfluna, sem einnig er mikið notuð af öðrum fyrirtækjum en RARIK en hæsti taxti þar er kr. 272.172, mánaðardaglaun.”

Í framhaldi af þessu var gert samkomulag við SART um sameiginlega birtingu lágmarkstaxta, en SART var þá tilkynnt að RSÍ myndi eftir sem áður birta á heimasíðunni launatöflu í samræmi við það samkomulag sem í gildi var við SART, en þeir vildu ekki standa við. Samkomulagið var um að birta sameiginlega launtöflu sem væri endurskoðuð a.m.k. 2svar ári og byggð á gögnum frá Kjararannsókn, sem væri óháð og opinber stofnun og væri traustur upplýsingagrunnur.

Samkvæmt síðustu upplýsingum frá Kjararannsókn þá voru meðaldaglaun rafiðnaðarmanna 3. ársfjórðung 2002 :

	Meðadaglaun	Meðalyfirvinna	Meðal föst laun
Rafvirkjar	221.800	76.600	298.400
Rafeindavirkja	296.100	16.900	313.000
Iðnaðarmenn allir	242.200	47.500	289.700
Leiðbeinandi launatafla RSÍ	Daglaun		
Taxti 12	183.102		
Taxti 16	230.614		
Taxti 17	244.325		
Taxti 18	258.860		

Rafverktakafyrirtæki sem halda launum rafiðnaðarmanna innan við taxta 12. eru að greiða laun sem eru langt neðan við meðallaun rafiðnaðarmanna. Rafverktakafyrirtækin eru með gengdarlausum undirboðum að keyra niður laun rafiðnaðarmanna. En þau eru ekki bara að keyra niður laun starfsmanna sinna, þau eru að grafa undan eigin velferð. Manni er spurn hvers vegna eru rafverktakafyrirtækin sem starfa á byggingarmarkaði haldin þessari sjálfeyðingarhvöt. Sem betur fer er ljóst að rafiðnaðarmenn sem eiga þess kost leita eftir störfum annarsstaðar, það segja meðalalaunin. Við starfsmenn RSÍ höfum orðið að sitja undir þeim óbilgjörnu ásökunum af hálfu sumra rafverktaka, að við séum að skálda upp þessi meðallaun. Þeir vita það jafnvel og við að við höfum ekki aðkomu að úrtaki Kjararannsóknar. Þau segja að rafverktakar eru að nýta úrelta launatöflu til þess að halda niðri launum rafiðnaðarmanna.

Við höfum öðru hvoru gert okkar eigin launakannanir með því að skoða skilagreinar með launatengdum gjöldum. Fyrirtækin og launamenn eru örugglega ekki að greiða launatengd gjöld af of háum gjaldstofnum, þannig að þær kannanir eru ekki að sýna of háar niðurstöður. Okkar kannanir eru ekki fjarri því sem Kjararannsókn fær í sínum könnunum.

Trúnaðarmannaráðstefnan 2002

Árleg trúnaðarmannaráðstefna RSÍ var haldin 25. okt. Rétt til setu áttu liðlega 130 trúnaðarmenn sambandsins og sátu tæplega 100 manns ráðstefnuna. Edda Rós Karlsdóttir flutti erindi sem hún nefndi Launafólk og umræðan um aðild að evrópska hagkerfinu. Gissur Pétursson fjallaði um þróun vinnumarkaðarins.

Fram kom að íslendingum hefði tekist afar vel upp hvað varðar atvinnuleysi. En á það bæri að líta að þátttaka í atvinnulífnum hér væri með öðrum hætti en hjá öðrum þjóðum. Ef mikið væri að gera kæmi út á vinnumarkaðinn fjöldi fólks á öllum aldri og við ættum heimsmet í atvinnuþátttöku og vinnutími hér væri langur. En þegar atvinna drægist saman þá hyrfi um 10% af vinnumarkaði, færi ma. í skóla og skráði sig ekki atvinnulaust. Við erum með mun lengri atvinnuþátttöku hjá eldra fólki t.d. væri atvinnuþátttaka 55 – 65 ára hér 86,5% en hún er 37,7% innan Evrópska efnahagsvæðisins og þeir hefðu sett sér það markmið að ná 50% 2010. Við höfum sýnt góða fyrirhyggju og byggt upp mjög gott lífeyriskerfi.

Hvað varðar landsframleiðslu stæðum við vel og værum meðal ríkustu þjóða heims. Ef litið væri til kaupmáttar þá hefði okkur á undanförunum árum tekist vel, en sveiflurnar væru miklar og sársaukafullar. Laun hefðu hækkað hér á landi vel yfir 2500% frá árinu 1980 á meðan laun hefðu á sama tíma hækkað í Danmörku um liðlega 100%. Kaupmáttur hefði á þessum tíma hins vegar vaxið svipað í þessum tveim löndum. Til þess að komast hjá atvinnuleysi hefðu stjórnvöld leyft sveiflur á gengi, verðbólgu og kaupmætti ásamt háum vöxtum.

Ef við ætluðum að byggja atvinnulífið upp utan stóriðju þá þurfum við stöðugleika og lægri vexti. Stóru fyrirtækin taka lán erlendis á lægri vöxtum og þessi fyrirtæki hafa erlendar tekjur og fá þar með ákveðna gengistryggingu. Lítil og meðalstór fyrirtæki verða að sætta sig við hina háu íslensku vexti. Útgjöld Ábyrgðarsjóðs launa hefur aukist frá rúmlega 100 milljónum kr. 1998 og stefnir á þessu ári í að fara yfir 600 milljónir. En kostnaður vegna gjaldþrota er mun meiri og er talið að margfalda megi útgjöld Ábyrgðarsjóðsins með 4 þannig að amk. 2.4 milljarðar kr. hafa tapast á þessu ári vegna gjaldþrota.

Misrétti í lífeyrisréttindum.

Þróun vaxandi misréttis lífeyrisréttinda er ískyggileg. Almennir lífeyrissjóðir hafa undanfarið orðið að minnka réttindi sjóðsfélaga, sakir þess að þeir mega ekki lofa framtíðarréttindum sem ekki er hægt að standa við. Á sama tíma er móttframlag ríkissjóðs í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem eru í ákveðnum stéttarfélögum utan ASÍ, allt að því helmingi hærra. Í lífeyrissjóð fjármálaráðherra og alþingismanna er móttframlag margfalt hærra. Ekki nóg með það, þessir lífeyrissjóðir þurfa engar áhyggjur að hafa skuldbindingum sínum, því ríkisstjórnin hefur ákveðið að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar þeirra. Ef ekki er til fyrir skuldbindingum, þá er bara sendur reikningur til fjármálaráðherra og hann tekur upp ávísheftið og skrifar ávísun ef háa iðgjaldið dugar ekki.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum undanfarið að sumir lífeyrissjóðir almenns verkafólks, verða að skerða réttindi enn frekar en þegar er orðið. Sú hrikalega staðreynd blasir við að lífeyrisréttindi almenns launafólks sem eru í þessum sjóðum, stefna í að vera helmingi lakari en þeirra opinberra starfsmanna sem fá að vera í lífeyrissjóðum sem fjármálaráðherra hefur velþóknun á. 13. desember 2001 var gerður þríhliða samning milli ASÍ, SA og fjármálaráðherra. Hluti ríkisstjórnarinnar í samningnum var að jafna réttindi launafólks sem væru starfsmenn hins opinberra sama hvaða stéttarfélögum þeir væru í, þar á meðal lífeyrisréttindi. Launamenn hafa staðið við sinn hluta samningsins og það hafa Samtök atvinnulífsins einnig gert, en þrátt fyrir mikinn eftirgang forseta ASÍ hefur fjármálaráðherra sífellt vikið sér undan því. Ráðherra krefst þess aftur á móti að launamenn standi við gerða samninga og stundi sína vinnu í samræmi við ákvæði gildandi samnings og fái fyrir það umsamið endurgjald.

Menntaráðstefna 2003

Góð aðsókn var að ráðstefnunni sem var haldin 19. feb. í Félagsmiðstöðinni í Stórhöfða. Miklar umræður voru og góð þátttaka í henni. Ráðstefnuna sóttu skólamenn úr verkmenntaskólunum, atvinnurekendur í rafiðnaði og rafiðnaðarmenn. Að loknum inngangserindum var skipt upp í þrjá

starfshópa sem fjölluðu um nám í grunndeild, nám að lokinni grunndeild og skipulag námsferla og stjórnkerfi menntakerfis rafiðnaðarmanna. Helstu atriði sem fram komu í umræðum:

Á að lengja grunndeild úr 2 önnum í 4 annir?

Samstaða var um að lengja grunndeild í 4 annir. Skörun starfssviða í veikstraum og sterkstraum hefur aukist verulega og æskilegt að kenna nemum lengur saman. Fram kom hjá skólamönnum í hópnum að skóla menn teldu þetta fyrir komulag skólavænt þar sem bekkir yrðu stærri og miklar líkur væru á að fleiri sæktu í námið. Helsti ókostur lengri sameiginlegrar kennslu væri á kostnað sérhæfingar sem hugsanlega yrði ekki eins mikil. Einhugur var um mæla eindregið með lengingu á grunndeild rafiðna úr 2 í 4 annir og kalla hana rafiðnadeild.

Á að halda samræmt próf að lokinni grunndeild?

Taka á upp samræmd próf að lokinni grunndeild, þannig að sömu kröfur yrðu um allt land þetta mundi skapa aðhald fyrir skóla til að kenna svipað námsefni. Samræmd próf myndu auðvelda mat á milli skóla. Prófið ætti að vera í umsjá nefndar sem tilnefnd væri af sveinsprófsnefndum í löggiltum rafiðngreinum í samvinnu við Fræðsluskrifstofu. Rafiðnaprófin eiga að vera samræmd próf og vera lokapróf í viðkomandi áföngum en ekki sérstakt próf eins og sveinsprófin eru í dag. Fræðsluskrifstofan sér um utanumhald á prófa- og verkefnabanka fyrir faggreinarnar. Eðlilegt þótti að miða undirbúningsvinnu við að þeir sem ljúki grunndeild séu 20 ára. Ítrekað hafi komið fram að namar séu að taka áfanga í almennum greinum miðað við að ná stúdentsprófi í undirstöðugreinum.

Á að taka upp eitthvert viðurkennt starfsheiti t.d. rafiðni eða raftæknir?

Ráðstefnan taldi ekki rétt að taka upp eitthvert starfsheiti að loknu prófi á rafiðnabraut. Viðkomandi hafi öðlast réttindi til þess að hefja nám við löggilta iðngrein og fagnám á öðrum sviðum og starfa í rafiðnaðargeiranum. Þeir namar sem lokið hafi námi í grunndeild geti tekið upp starfsheitið “Lærlingur í rafiðnum”.

Komið verði á náms- og starfsferilsbók sem neminn fær að lokinni grunndeild. Í bókina verði fært allt nám og starfsferill rafiðnaðarmanns og bókin staðfest reglulega af Fræðsluskrifstofu.

Heildarskipulag breiðar brautir

Einhugur var um að koma þyrfti á heildarskipulagi á nám í rafiðnaðargeiranum. Ljúka þurfi endurskoðun námskráa löggiltra rafiðnaðargreina og koma skipulagi á annað nám í rafiðnaðargeiranum, sérfræðinám eða svokallaðar sérhæfingarbrautir. Skilgreina og marka “Stuttar starfsgreinabrautir” í rafiðnaðargeiranum.

Fram kom að ekki ætti að skipta upp löggiltum námsbrautum í rafiðnaði og viðhalda ætti sem fæstum og breiðustum sterkstraums- og veikstraumsbrautum. Í gildi væri reglur um hámarks einingafjölda á hverri önn og ekki væri ráðlegt að lengja námsbrautir í löggiltum rafiðnaðarbrautum umfram 4 ár. Frekar ætti að viðhalda breiðum brautum og bjóða upp á sérhæfðari brautir, annað hvort til hliðar við meginbrautirnar eða í framhaldi við þær.

Rafiðnaðarskólinn, sérfræðinám, stuttar starfsnámsbrautir

Einhugur var um að Rafiðnaðarskólinn verði áfram undir stjórn atvinnulífsins og viðhaldi góðum tengslum við fyrirtæki í rafiðnaði. Meginhlutverk skólans verða áfram að skipuleggja fagtengd námskeið í samræmi við þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaði rafiðnaðarmanna.

Rafiðnaðarskólinn hafi í gegnum árin öðlast mjög góða viðurkenningu og leggja verði kapp á að hann viðhaldi þeim gæðum og kröfum sem hann er þekktur fyrir.

Með opnun Evrópu vinnumarkaðs og auknu streymi vinnuafis milli landa hefur það færst í vöxt að erlendir rafiðnaðarmenn hafi komið til Íslands og hafi fengið mat á námi með tilliti til íslenskra rafiðnaðargreina. Þar sé oft um að ræða stuttar námsbrautir sem ekki hafi formlega viðurkenningu hér á landi. Þetta sé ekki í samræmi við það hér teljist einungis viðurkennd og löggilt iðnréttindi eða háskólapróf, aðrir séu flokkaðir sem ófaglærðir. Rafiðnaðarskólinn og skólar tengdir honum hafi í gegnum árin útskrifað fjölda fólks sem lokið hafi heildstæðu námi og fengið góð störf í kjölfar þess. Þetta fólk sé flokkað í íslenskum skráum sem ófaglært fólk sem einungis hafi lokið grunnskólaprófi.

Mynda á ramma um þær sérhæfingarbrautir sem skapast hafa í framhaldsnámi í rafiðnaðargeiranum og settar verði upp námskrár fyrir “Stuttar starfsmenntabrautir”. Þar væri um að ræða starfstíma á sérhæfðu sviði í atvinnulífi auk sóknar á ákveðin námskeið. Setja á upp námskrá og setja skilgreind lokamarkmið. Þessar námsbrautir á að fá staðfestar í starfsgreinaráði í rafiðnaðargeiranum og fá þær viðurkenndar af Menntamálaráðuneyti.

Meistaraskóli, rafiðnfræði.

Endurskipuleggja þarf Meistaránámið. Rafiðnfræðingsnám virðist vera eiga undir högg að sækja. Hópurinn var einhuga um að skipuleggja ætti meistaránámið með þeim hætti, að það væri viðurkenndur hluti af Rafiðnfræðingsnámi. Með því myndi m.a. vakna áhugi rafiðnaðarmanna á að ljúka meistaránámi. Taka ætti upp viðræður við Tækniháskólann um þetta mál.

Ráðstefnan vildi hafa það sem meginmarkmið alls náms í rafiðnaðargeiranum að verið væri að útskrifa topp fagmenn. Rafiðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum hefðu í gegnum árin öðlast virðingu fyrir staðgóða og breiða þekkingu. Það ætti að vera meginmarkmið allra sem starfa að þessum málum að stuðla að því fyrst og síðast.

Stuðla á að því að fram fari virk umræða um menntamál innan rafiðnaðargeirans og hvatt var til þess að skipulagðar væru sambærilegar ráðstefnur a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess megi skapa umræðugrundvöll með notkun netsins og vill hópurinn gjarnan fá niðurstöður sendar og fá með því tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum um þau atriði sem verið er að fjalla um í öðrum hópum á ráðstefnunni.

Skilvirkni menntakerfis rafiðnaðarmanna.

Nauðsyn er að setja upp skipurit yfir nefndir menntakerfis rafiðnaðarmanna og skilgreina ferli og fyrirkomulag. Auka þarf skilvirkni boðleiða þannig að allir stefni að sama marki. Fram kom að starfsfólk Rafiðnaðarskólans fær ekki nægilega oft skýrar línur frá stjórnendum skólakerfisins. Vangaveltur voru í hópnum um að skipting í veikstraums og sterkstraums námskeið sé óæskileg. Heppilegra er að horfa til heildarhagsmuna atvinnulífsins og stuðla að breiðum þekkingargrunni rafiðnaðarmanna. Eftirmenntunarnefndir þurfa að hafa meiri áhrif á framboð námskeiða sem í boði eru til að uppfylla þarfir atvinnulífsins. Sameiginlega verða allir að leggjast á eitt til að gera ágætán skóla enn betri.

Ráðstefna með rafiðnaðarkennurum um kennsluefni

Ráðstefnan var haldin í félagsmiðstöðinni í Stórhöfða 8. marz og var mjög fjölsótt. Til ráðstefnunnar var boðið tveim fulltrúum Fræðsluskrifstofu dönsku rafiðnaðarsamtakanna. Í umræðunni kom m.a. fram að oft er það svo þegar kennari er ráðinn til starfa að honum er fyrst tilkynnt þegar hann mætir til vinnu hvaða áfanga hann á að kenna. Hann fær stofunúmer og stundatöflu. Engin fer með honum yfir hvað hann eigi að kenna og honum er ekki bent á nein kennslugögn og oft eru engin kennslugögn til. Kennarinn reynir svo að bjarga sér með því að ljósrita úr bókum sem hann finnur. Það er ófremdarástand í kennslubókum sem m.a. leiðir til lítills samræmis á milli skóla því kennsluefni er svo misjafnt, það er ósamræmi milli bekkja í sama skóla.

Er heppilegt að kennari sé að ljósrita það sem honum finnst sniðugt að kenna og búi svo til próf úr því efni? Þetta hefur oft leitt til þess að nemandur fær stundum ekki kennslu í öllu efni sem ætlast er til að farið sé yfir í viðkomandi námsáfangi. Það er grundvallarréttur nemandur að fá kennslu í því efni sem námskrá segir til um. Hann á rétt á að honum sé sköpuð aðstaða til þess að ná þeim markmiðum sem sett eru, kennslugögn, kennslutæki, aðbúnað og hæfa kennara. Kennarar eiga sama rétt. Rétt á að þeim sé sköpuð aðstaða til þess að vinna þau störf sem ætlast er til af þeim.

Aðilar vinnumarkaðar geta haft jákvæð áhrif, á þann hátt að skapa þrýsting á menntayfirvöld og sveitarstjórnir um að nemendum og kennurum sé sköpuð viðunandi aðstaða. Þar fara hagsmunir okkar saman. Gera á kröfur um gæði og þau þurfa að vera skilgreind svo allir viti um sína stöðu. Ljósrit úr hinum og þessum bókum sem kennaranum finnast skemmtilegar, þurfa ekki að vera það

besta. Skýrt þar að vera hver eigi að vera lágmarkskennslugögn sem neminn á að fara í gegnum. Það er svo annað mál hvort þeir ljósriti einhver blöð úr öðrum bókum til þess að ná fram betri skilning hjá nemum. Þessi kennslugögn geta legið miðlægt á heimasíðu fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Sama gildir um prófabanka. Þá vita allir til hvers er ætlast af þeim. Dönsku fyrirlesararnir buðu okkur að nýta þá gagnagrunna sem þeir væru búnir að byggja upp til þess að halda utan um miðlægar íslenskra kennslubækur í rafiðngreinum

Orlofshúsin

Félagsmenn geta sótt um orlofshús á heimasíðunni og séð punktastöðu sína. Reglulega eru birtar upplýsingar um lausar helgar. Þetta hefur reynst vinsælt og er mikið notað. 15 af orlofshúsunum hafa heita potta, þessi hús eru nýtt allar helgar ársins. Sama má segja um íbúðirnar 6 á Akureyri og í Reykjavík. Nýju íbúðirnar á Spáni reyndust mjög vinsælar og fóru allar útleigur þar í sumar strax út. Öll húsin hér heima fóru út um páskanna. Í fyrri úthlutun bárust 425 umsóknir. 317 fengu það sem þeir sóttu um 108 fengu synjun. Til úthlutunar voru 425 vikur. Þeir sem fengu verða að senda inn staðfestingar og þá fer það sem ekki var úthlutað og er staðfestið seinni úthlutun.

Leiga orlofshúss í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar reyndist mjög vel og var ákveðið að framlengja þann samning í sumar, golfáhugamenn hafa lýst yfir sérstakri ánægju með þetta framtak.

Úthlutanir

	fjöldi húsa	Leiga sem hlutfall af rekstrar-					2001	1999	1998	1997	Meðaltal 1995-2001
		Heildar-tekjur 2002	Heildar-gjöld 2002	Tekjur pr.hús 2002	Gjöld pr.hús 2002	rekstrar-kostnaði 2002					
Reykjavík	4	1,832,100	1,904,833	458,025	476,208	96.2%	81.5%	103.4%	76.6%	124.5%	110.9%
Skorradalur	2	509,900	770,795	254,950	385,398	66.2%	64.0%	73.8%	61.5%	55.4%	58.8%
Svignaskarð	2	930,900	1,877,840	465,450	938,920	49.6%	49.5%	62.3%	77.1%	62.0%	63.8%
Vatnsfjörður	1	149,000	519,317	149,000	519,317	28.7%	27.6%	23.2%	22.1%	16.8%	25.0%
Varmahlíð	1	506,500	349,417	506,500	349,417	145.0%	126.9%	91.9%	32.1%	18.4%	81.4%
Akureyri	3	1,396,400	1,327,858	465,467	442,619	105.2%	104.2%	88.8%	122.7%	94.3%	98.9%
Vaglaskógur	1	174,000	288,548	174,000	288,548	60.3%	22.3%	55.7%			38.7%
Einarsstaðir	3	485,000	1,555,827	161,667	518,609	31.2%	29.0%	38.0%	30.5%	31.2%	31.4%
Klifabotn	1	198,000	585,004	198,000	585,004	33.8%	46.5%	26.0%	36.2%	44.1%	41.4%
Klaustur	2	551,900	512,781	275,950	256,391	107.6%	61.1%	87.5%	74.1%	83.5%	92.4%
Klaustur lítil - hús	3	356,400	344,818	118,800	114,939	103.4%	44.2%				40.9%
Brekkuskógur	4	1,828,800	2,025,662	457,200	506,416	90.3%	65.5%	78.9%	73.9%	80.3%	78.4%
Apavatn	5	1,578,200	2,457,584	315,640	491,517	64.2%	53.4%	83.2%			46.8%
Apavatn aðalh.	1	880,000	1,157,533	880,000	1,157,533	76.0%	48.3%	422.4%			222.2%
Vestmannaeyjar	1	135,000	758,285	135,000	758,285	17.8%	44.9%				44.9%
Hraunborgir	1	419,200	460,785	419,200	460,785	91.0%	95.5%	53.7%	92.2%	111.4%	89.3%
Snæfoksstaðir	1	478,900	408,141	478,900	408,141	117.3%	109.3%	124.5%	138.6%	114.0%	90.8%
Ölfusborgir	3	1,333,200	1,936,940	444,400	645,647	68.8%	54.4%	30.5%	44.0%	32.1%	34.9%
Tjaldvagn/fellihýsi	11	866,200	1,501,867	78,745	136,533	57.7%	101.1%	47.8%	<u>30.0%</u>	<u>23.4%</u>	57.3%
Spánn	2	1,008,000	957,285	504,000	478,643	105.3%					
Meðaltal		52 15,617,600	21,701,120	300,338	417,329	72.0%	61.5%	68.1%	63.9%	60.5%	71.0%

Framleiga húsa og slæm umgengni

Framleiga orlofshúsa hefur vaxið undanfarin misseri. Það er óásættanlegt að fjölmargir félagsmenn séu í langri biðröð eftir orlofshúsi, á meðan utanfélagsmenn eru að nýta húsin. Við erum að greiða

niður hverja viku um 17 - 20 þús. kr. úr félagssjóði að jafnaði og þeir peningar eiga að renna til félagsmanna og barna þeirra, ekki annarra.

Tjaldvagnaútgerðin

Síðasta sumar voru 3 fellihýsi staðsett inni á svæði Útivistar í Básun í Þórsmörk. Þessi útgerð hefur reynst vel og verið vinsæl. Þeir voru í leigu allar helgar, en minna í miðri viku. Frá vögnunum er stutt í snyrtingar Útivistar og aðgengi að sturtum. Dvalargestum stendur til boða öll dagskrá sem Útivist býður upp á, varðeldar á laugardagskvöldum og gönguferðir um svæðið.

RSÍ á 11 tjaldvagna sem hefur verið rekin í samvinnu við Matvís og hefur það rekstrarform reynst báðum aðilum farsælt. Nokkrir vagnar hafa verið staðsettir á Akureyri og hafa félagsmenn nýtt sér þann möguleika vel. Reynt hefur verið að fjölga útleigustöðum en það hefur ekki gefið góða raun.

Orlofssvæðið við Apavatn

Orlofssvæðið að Apavatni hefur reynst gífurlega vinsælt meðal félagsmanna. Nýting tjaldsvæðisins hefur margfaldast og hafa félagsmenn lokið upp einum munnnum um að það sé glæsilegt. Með tilkomu tjaldsvæðis var ráðinn sumarstarfsmaður til þess að sjá um svæðið á Apavatni. Á tjaldsvæðinu eru góð snyrtiaðstaða, leiktæki, grill og aðstaða til skemmtana. Búði er að rafvæða tjaldsvæðið, enda eru flestir komnir með fellihýsi og búnað sem krefst raftenginga. Tjaldgestir geta farið í vatnið til veiða, þúttvöllur er á svæðinu og stutt í golfvöll Dalbúa sem RSÍ er aðili að.

Samstarf við Félag bókgærdarmanna um golfvöll Dalbúa

Uppbygging golfvallar í Miðdal hófst sumarið 1994 með því að Golfklúbbur Dalbúa leigði túnin í Miðdal undir golfvöll. Í Dalbúa eru einstaklingar sem eiga orlofshús við Laugarvatn. Miðdalur er jörð í eigu Félags bókgærdarmanna (FBM) sem er innan við Laugarvatn og er félagið þar með orlofshús auk þess að félagsmenn sjálfir eiga þar fjölda húsa. FBM hafa staðið mjög myndarlega að uppbyggingu orlofssvæðis síns í Miðdal, auk þess að hlúa að eldri byggingum eins og t.d. kirkjunni í Miðdal. Undanfarnir sumur hefur RSÍ verið aðili að rekstri golfvallarins og hafa félagsmenn fengið umtalsverðan afslátt.

Spennugolf 2002

Spennugolf 2002 var haldið á Strandavelli Hellu í júní 2002. Til leiks mættu 73 keppendur af þeim 78 sem skráðu sig til leiks.

Efstu menn án forgjafar voru: Arnar Sigurbjörnsson, Einar Hafsteinsson og Eiríkur Jóhannsson

Efstu menn með forgjöf voru: Sigurjón Sigurjónsson, Örn Sigurðsson og Helgi Þorvaldsson

Í sumar verður Spennugolfið að Flúðum 20 júní.

Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna

Styrkir	1998	1999	2000	2001	2002
Sjúkrabætur	21,611,314	20,983,696	36,957,190	30,367,643	43,542,730
Dánarbætur og jarðarfarir	3,587,200	4,135,000	4,106,000	7,285,350	4,951,600
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	1,299,684	1,869,480	2,190,246	2,487,414	2,159,100
Sjúkrahúsaðgerðir	382,670	203,000	253,552	2,030,807	1,534,670
Ferðastyrkir	699,635	445,406	628,521	1,280,342	929,369
Líkamsr. og forvarnarstarf	1,459,022	2,295,908	3,938,545	6,026,296	6,554,225
Aðrir styrkir	2,513,982	4,850,893	4,392,092	1,274,000	2,515,503
Samtals	31,553,507	34,783,383	52,466,146	50,751,852	62,187,197

Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í

íslenskri verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkraþjálfunar.

Starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna.

Rafiðnaðarskólinn

Að Rafiðnaðarskólanum standa Eftirmenntun rafiðna, Eftirmenntun rafeindavirkja, Eftirmenntun símsmiða og Eftirmenntun tæknifólks í rafiðnaði. Í hverri eftirmenntunarnefnd eru fjórir fulltrúar, tveir frá launþegum og tveir frá atvinnurekendum. Fulltrúar úr nefndunum sitja í Fræðsluráði rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) ásamt formönnum þeirra félaga sem standa að rekstri skólans.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans er skipuð tveimur fulltrúum launþega (Rafiðnaðarsamband Íslands) og tveimur fulltrúum atvinnurekenda (Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði). Þessir aðilar eru jafnframt eigendur skólans.

Helstu starfsmenn Rafiðnaðarskólans : Sigurður Geirsson framkv.stj, Örlýgur Jónatansson, Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj.

Rafiðnaðarútgáfan hefur fengist við gerð og útgáfu bóka fyrir tölvukennslu síðan 1987. Titlar útgáfunar eru 34.

Fjöldi rafiðnaðarnema í verknámskólum

	Verknámsbraut			Samningsnemar	
	Grunndeild	Rafvirkjun	Rafeindav.	Rafvirkjun	Alls
1 Iðnsk í Rvík	128	63	110	11	312
2 Fjölbri í Breiðh	61	80		10	151
3 Iðnsk í Hafnarf	45	0	16	27	88
4 Fjölbri Suðurnes	21	11	0	0	32
5 Fjölbri Vesturl	23	19	3	0	45
6 Menntask á Ísaf	5	0	0	0	5
7 Fjölbri NorðVest	0	0	0	16	16
8 Framhsk Húsav	0	0	0	0	0
9 Verkmski Aust	4	0	0	0	4
10 Framhsk í Vestm	7	0	0	0	7
11 Fjölbri Suðurl	15	0	0	0	15
Alls	309	173	129	64	675
Fjölbri í Breiðh		Dagsk 79		Kvöldskóli 72	151
Þar af ca. 40% í grunndeild		32		29	61

Rekstrarvandi skólakerfissins.

Eins og öllum er kunnugt um þá hefur rekstur tölvunámskeiða átt í undir högg að sækja á undanförunum misserum. Skólakerfi rafiðnaðarmanna fór ekki varhluta af þessum erfiðleikum. En skólakerfið hafði frá árinu 1992 byggt upp miklar tölvudeildir og hafði af þeim töluverðar tekjur. Ástæða er að geta þess að á nánast öllum fundum undanfarna áratugi hafa rafiðnaðarmenn lagt mikla áherslu á uppbyggingu menntakerfis og hefur verið hryggbeinið í kjarabaráttu okkar. Skólakerfið hefur leitt til þess að rafiðnaðarmenn hafa vikkad starfssvið sitt mikið, auk þess hefur

framleiðni þeirra aukist og þá um leið laun. Fyrir stækkun og útpenslu skólakerfisins liggja fyrir samþykktir á öllum þingum RSÍ og sambandsstjórnarfundum, sama gildir um SART.

Fjölgun rafiðnaðarmanna

Rafiðnaðarmönnum hefur fjölgað mjög hratt og atvinnuástand okkar hefur verið mun betra en í öðrum starfsgreinum. Við stofnun RSÍ árið 1970 erum við innan við 500. Árið 1980 um 1000, árið 1990 um 2.200 og svo um aldamótin um 4.300. Um helmingur nema sem eru á verkmenntabrautum í skólakerfinu eru á rafiðnaðarbrautum. Á þessum tíma hefur átt sér stað mikil þróun í rafiðnaðargeiranum, þörf á sérhæfðu fólki í tölvugeiranum vex mikið og vaxandi fjöldi rafiðnaðarmanna vinnur á því sviði. Nýlega gerðar kannanir meðal rafeindavirkja hafa leitt í ljós um 40% starfaði á tölvusviði og um 40% á fjarskiptasviði, sem er nátengt tölvusviði. Einungis tæplega 10% þeirra starfaði við viðgerðir á tækjum. Sambærileg þróun hefur átt sér stað meðal rafvirkja. Í dag starfa um 1000 af um 1600 rafvirkjum á sviði sem kalla á góða þekkingu á tölvusviði.

Þessi byltingarkennda þróun hefur átt sér stað á um 15 árum og rafiðnaðarmenn hafa lyft grettistaki í að mæta henni með því að setja verulega fjármuni í aukna menntun í geiranum. Í þessu sambandi má benda á að í upphafi tæknibyltingarninnar 1970 voru hér á landi að störfum einvörðungu erlendir tæknimenn í flóknum verkefnum. Í dag eru íslenskir rafiðnaðarmenn í fremsta flokki og eru að sinna verkefnum um víða veröld. Rafiðnaðarmenn hafa þannig lagt fram gríðarlega fjármuni til þess að bæta samkeppnistöðu íslensks atvinnulífs. Opinbera verkmenntaskólakerfið hefur ekki náð að fylgja þessari þróun eftir, sem sést m.a. í mjög miklu falli rafiðnaðarmanna á sveinsprófum. Þegar út í atvinnulífið var komið þurfti að bæta við menntun marga nemanna. Eins hefur allt frá stofnum Rafiðnaðarskólans verið umfangsmikill þáttur í starfsemi skólans að bæta menntun línunnar svo þeir gætu náð starfsréttindum rafveituvirkja. Þetta hafa samtök rafiðnaðarmanna fjármagnað. Auk þess að er augljóst að námskeiðsgjöldum hefur verið haldið of lágum og námskeiðum ekki aflýst þó þau séu of fámennt.

Rekstrarvandi

Samdráttur í tölvunámi var mjög brattur niður á við. Í framkvæmdastjórnnum skólakerfisins var á árinu 2000 rætt um að draga þyrfti saman seglin og menn yrðu að gæta sín. Á árinu 2001 kom í ljós þegar samstæðureikningur var tekinn í öllu skólakerfinu, að skuldir skólakerfisins voru um 200 millj. kr. meiri en fram hafði komið í gögnum sem skólastjórinn fyrrv. hafði kynnt. Þessi framúrkeysla kippti rekstrargrundvellingnum endanlega undan þeirri starfsemi sem var í Faxafeninu. Ekki var annað að gera en að draga sig alfarið úr þessum rekstri og ákveðið var að færa allan rekstur yfir á Rafiðnaðarskólann og hætta rekstri í Faxafeninu. Til viðbótar við erfiðleikana bætist að fasteignaverð fellur um 30% á þessum tíma og Faxafenið fellur úr 700 millj. í 430 millj.kr. Þetta er sá vandi sem menn þurftu að takast á við. Þegar farið er að greina vandann og þá uppgötvast að skólastjórinn fyrrv. hafði dregið sér umtalsvert fé auk þess að margskonar óreiða og spilling finnst í kringum hann. Það mál var sett í hendur endurskoðenda og lögmanna strax í upphafi og var ekki í okkar höndum. Það var rækilega kynnt í miðstjórn, þau mál enduðu svo hjá dómstólum og hjá rannsóknarlögreglu.

Menntasjóður rafiðnaðarins

Þegar fjármálamisferli skólastjórans fyrrv. uppgötvaðist var ákveðið að breyta eftirmenntunarsjóðakerfinu til þess að koma í veg fyrir að svona slys endurtaki sig. Í febrúar og marz fóru fram fóru viðræður milli SART og RSÍ og fljótlega urðu menn sammála um að allt inn- og útstreymi í sjóðina færi á einn stað, þannig að tryggð væri örugg yfirsýn. SART, SA og RSÍ myndu tilnefna í 4 manna stjórn. Eftirmenntunarnefndirnar yrðu til áfram en hlutverk þeirra yrði að fjalla um faglega þátt menntakerfisins.

Á sambandsstjórnarfundum RSÍ í apríl 2002 var farið mjög ítarlega yfir stöðuna, þar lá fyrir að það þyrfti að fá lausafjármagn til þess að komast út úr vandanum með sem minnstum skaða. Það var samþykkt á fundinum að setja á laggirnar aukna framkvæmdastjórn. Í henni sátu auk framkvæmdastjórnarmanna formenn þeirra aðildarfélaganna sem áttu aðild að eftirmenntunarsjóðunum. Þetta var auk þess kynnt og staðfest á trúnaðarráðstefnu RSÍ í október. Á öllum stigum málsins var málið kynnt ítarlega og samþykkt í miðstjórn, á sambandsstjórnarfundum og trúnaðarmannaráðstefnu.

Það hefur komið á óvart að miðstjórnarmaður sem hafði staðið að öllum þessum samþykktum, kaus ætíð að kynna málið með öðrum hætti og reyna að gera það tortryggilegt.

Samskonar áætlun var einnig samþykkt hjá SART og SA. Lögmenn RSÍ og SA sömdu reglugerð sjóðsins, hún var staðfest af viðkomandi aðilum og Menntasjóður rafiðnaðarsins varð að veruleika. Í stjórn sitja frá RSÍ Einar Jón Ólafsson fjárm.stj. RSÍ sem er formaður og Björn Ágúst Sigurjónsson form. FÍR. Af hálfu SA situr Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur og Ásbjörn Jóhannsson framkv.stj. SART. Sjóðurinn tók til starfa um síðustu áramót. Inn í sjóðinn fer allt fjármagn eftirmenntunarsjóðanna. Eftirmenntunarnefndir ásamt Rafiðnaðarskólanum sækja svo um fjármagn í til stjórnar Menntasjóðsins. Tryggð er örugg heildarsýn yfir allt fjárstreymi í menntakerfinu.

Hlutabréf seld.

Sambandstjórnarfundur RSÍ haldinn í apríl veitti aukinni framkv.stjórn heimild til þess að selja hlutabréf sem sambandið átti í Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans ef viðunandi tilboð kæmi. Auk þess var veitt heimild til þess að selja hlut í 200 þús. naglbýtum sem er eignarhaldsfélagið sem á Stórhöfða 29. En það hefur ekki þurft að gera það. Sambandsstjórn setti sem skilyrði fyrir þessu að sambandið fengi skuldabréf sem væru tryggð með öruggum hætti og seljanleg ef á þyrfti að halda. Mjög gott tilboð fékkst í hlutabréfin í EFA og voru þau seld. Við það hækkaði bókfærð eignastaða vinnudeilusjóðs umtalsvert. Frá þessu var gengið á seinni hluta árs 2002 og sambandið fékk skuldabréf tryggð af eftirmenntunarnefndunum, en að baki þeim standa eftirmenntunarsjóðirnir. Þetta ferli kynnti aukin framkvæmdastjórn á öllum stigum í miðstjórn RSÍ og var staðfest þar. Sama gildi um SART og SA.

Lífiðn

Hluti af eignum Lífiðnar er í veðskuldabréfum sem námu um síðustu áramót tæplega 6 milljörðum, 3,3 milljarðar eru sjóðfélagalán. Varðandi Faxafensfjármögnun þá lánaði sjóðurinn eitt skuldabréf á RTV-menntastofnun ehf, en tvö bréf voru lánuð á Viðskipta- og tölvuskólann. Með því samkomulagi sem gert var við Íslandsbanka þegar bankinn tók yfir hluta af eigninni, þá keypti Íslandsbanki þau tvö skuldabréf sem lánuð voru Viðskipta- og tölvuskólanum. Það er ekkert óeðlilegt við lán lífeyrissjóðs. Það var gert með fullkomlega lögmætum hætti sé litið til þeirra veðtrygginga sem lágu fyrir á sínum tíma. Kjör þessara bréfa er ekki í ósamræmi við það sem við erum almennt gerðist.

Starfsemi Lífiðnar

Lífiðn er níundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir hans eru 19 milljarðar, og jukust þær um 4,77% á síðasta ári. Á árinu greiddu 5.346 einstaklingar til sjóðsins nánast sami fjöldi og frá árinu áður. Iðgjaldtekjur stóðu í stað og námu 1.482 milljónum í árslok. Samtals eiga 11.573 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Á liðnu ári greiddu 1.251 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun er tæplega 3,42%. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2002 var neikvæð um 3,86% og er þetta annað árið í röð sem sjóðurinn er með neikvæða ávöxtun. Efnahagsumhverfið var mjög erfitt á erlendum mörkuðum sem orsakaði mestu gengislækkunar á verðbréfum í áraradír. Einnig styrktist gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sem orsakaði verri afkomu erlendra eigna.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum eftirlauna- og örorkulífeyrir og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyrir. Samtrygging sjóðfélaga um örorku- og fjölskyldulífeyrir tryggir sjóðfélögum og mökum þeirra lífeyrir við óvænt áföll. Stefna Lífiðnar er að auka þjónustu á sviði heilsu og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna okkar eigin séreignarsjóð sem býður upp á séreignarsparnað með 8 valleiðum og ættu allir að geta fundið sparnaðarleið sem hentar þeim hjá okkur. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar.

Samkvæmt lögum og reglum um starfsemi lífeyrissjóða skal gera tryggingarfræðilegaúttekt á hverju ári. Samkvæmt úttekt tryggingafræðings þá eru eignir umfram skuldbindingar 2.105 millj. eða 5,1%. Þrátt fyrir mjög erfitt ár í fyrra þá er staða sjóðsins mjög góð m.v. aðra lífeyrissjóði. Eignir

umfram áfallnar skuldbindingar eru 1,6 milljarður. Frá síðasta ári þá er Lífið aldurstengdur lífeyrissjóður.

Starfsmenn Lífiðnar eru 8 og meðalstöðugildi 8. Miklar breytingar eru í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, þessu eftirliti er fylgt eftir af skattayfirvöldum. Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífið.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum. Þórir Hermannsson, formaður, Niels S. Olgeirsson og Haraldur Jónsson fyrir launamenn og Arnbjörn Óskarsson, Sveinn Jónsson og Tryggvi Guðmundsson fyrir atvinnurekendur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Friðjón Rúnar Sigurðsson.

Lífeyrissjóðurinn Lífið

	1998	1999	2000	2001	2002
Ellilífeyrir	50.351.044	57.884.963	73.455.753	90.378.008	109.818.974
Örorkulífeyrir	37.514.519	40.869.245	44.983.377	53.876.987	64.956.599
Makalífeyrir	21.453.789	23.402.634	26.345.259	29.890.886	34.233.919
Barnalífeyrir	4.305.690	3.829.328	3.945.184	3.744.140	4.799.869
Samtals:	113.625.042	125.986.170	148.729.573	177.890.021	213.809.361
Hr. eign til gr. lífeyris	11.328.355.781	14.396.324.404	16.277.232.524	18.151.494.342	19.018.917.261
Sjóðfélagalán	1.194.605.939	1.468.522.398	2.000.218.331	2.796.315.227	3.311.820.494
Innkomin iðgjöld	807.049.479	951.172.155	1.214.937.437	1.480.556.250	1.482.057.573

Niðurlag

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum málefnum sem unnið er að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefni. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélögum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Mér til mikillar undrunar varð það talið mér til ámælis í umræðunni undanfarið ár að gera of ítarlegar skýrslur. Á tímum tölvupósts hefur geymsla upplýsinga á pappír snarminnkað. Hætt er við að það geti vafist fyrir sagnfræðingum framtíðarinnar að lesa úr fortíðinni, þ.e. þeim tímum sem við lifum á núna. Ítarlegar skýrslur eru m.a. hugsaðar sem geymsla á sögu RSÍ til framtíðar.

Guðmundur Gunnarsson, maí 2003.

Láttnir félagar frá sambandsstjórnarfundi 19. apríl 2002

Valgarður Frimann	F 06.03.30 – L 22.06.02
Óskar Sövik	F 07.04 – L 09.07.02
Harald Guðmundsson	F 11.12.21 – L 27.08.02
Guðmundur Hafsteinn Þórðarson	F 15.10.15 – 15.09.02
Sigurður Steinsson	F 05.10.30 – L 22.09.02
Sigurgeir Guðjónsson	F 11.05.53 – L 13.10.02
Elías Tómasson	F 14.03.22 – L 16.10.02
Guðmundur Jónsson	F 19.08.24 – L 30.10.02
Páll Ólafsson	F 27.09.38 – L 19.11.02
Símon Ásgeir Grétarsson	F 15.01.50 – L 01.12.02
Hlödver Kristjánsson	F 11.12..25 - L 12.02.03
Ólafur Gunnar Sigurðsson	F 04.05.59 – L 14.03.03
Albert Karl Sanders	F 21.10.31 – L 03.04.03
Þorsteinn Hermannsson	F 09.01.28 – L 15.04.03